

Númer: 56/2019

Dreifibréf til lánastofnana og verðbréfafyrirtækja

Reykjavík, 2. desember 2019

Tilvísun: 2019120003

Efni: Viðmiðunarreglur EBA um útlistun á hvaða áhættuskuldbindingar ber að flokka sem sérlega áhættusamar

Með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði öðluðust svonefndar ESAs reglugerðir gildi hér á landi, þ.e. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093 - 1095/2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum EBA, ESMA og EIOPA. Í 16. gr. ESAs reglugerðanna er fjallað um viðmiðunarreglur og almenn tilmæli eftirlitsstofnananna. Í 3. mgr. 16. gr. segir að lögbær yfirvöld og fjármálastofnanir skuli leita allra leiða til að fara að þessum viðmiðunarreglum og almennum tilmælum.

Viðmiðunarreglur EBA hafa í kjölfar gildistöku laga nr. 24/2017 ekki verið teknar upp í leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið mun þess í stað birta á heimasíðu sinni dreifibréf þetta og slóð á enskar útgáfur viðmiðunarreglnanna ásamt stuttri umfjöllun um innihald þeirra. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglur EBA í eftirlitsframkvæmd, þar með talið vegna könnunar- og matsferlis stofnunarinnar (SREP), auk þess sem Fjármálaeftirlitið mun reglulega annast kynningar á efni þeirra.

Tilgangur viðmiðunarreglna EBA er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd og að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf um fjármálaþjónustu innan EES. Viðmiðunarreglurnar fela í sér nánari útfærslu á ákvæðum tilskipana og reglugerða sem innleiddar hafa verið hér á landi, m.a. með breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og stjórnvaldsfyrirmælum settum með stoð í þeim.

Viðmiðunarreglur EBA (EBA/GL/2019/01) um útlistun á hvaða áhættuskuldbindingar ber að flokka sem sérlega áhættusamar (e. associated with high risk) byggja á 128. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (CRR), sbr. 27. gr. reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017.

Í 1. mgr. 128. gr. CRR er sett fram krafa um að áhættuskuldbindingar sem teljast vera sérlega áhættusamar séu flokkaðar sem slíkar og fá 150% áhættuvog. Önnur málsgrein sömu greinar telur upp þær tegundir áhættuskuldbindinga sem geta fallið undir ákvæði fyrri málsgreinar, en það eru:

- a) Fjárfestingar í áhættufjármagnsfélögum (e. venture capital firms).
- b) Fjárfestingar í sérhæfðum sjóðum (e. alternative investment funds), nema þeim sem takmarka vogun sína.
- c) Fjárfestingar í óskráðum hlutabréfum og einkahlutafélögum (e. private equity).
- d) Fjármögnun áhættusamra fasteignaverkefna (e. speculative immovable property financing).

Viðmiðunarreglurnar tilgreina einnig hvort áhættuskuldbindingar til viðbótar við þær sem listaðar eru upp hér að ofan geti talist sérlega áhættusamar og þá undir hvaða kringumstæðum. Auk þess skýra viðmiðunarreglurnar nánar hvað felst í liðum a) og b) hér að ofan.

Fjármálaeftirlitið beinir því til fjármálafyrirtækja að kynna sér viðmiðunarreglur EBA á heimasíðu eftirlitsins og taka mið af þeim í starfsemi sinni. Fjármálaeftirlitið styðst við viðmiðunarreglurnar við mat á því hvort lánastofnanir uppfylli kröfur samkvæmt þeim ákvæðum í lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem fjallað er um í þessu dreifibréfi.

Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að um brot á lögum eða reglum sé að ræða gerir Fjármálaeftirlitið kröfu um úrbætur, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið fyrirhugar að halda kynningu á viðmiðunarreglunum í upphafi árs 2020 og verður hún auglýst nánar síðar.

Virðingarfyllst,
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Finnur Sveinbjörnsson



Tómas Sigurðsson